

Framangreindar 107 ákavítisflöskur eru upptækar til handa ríkissjóði.

Ákærðu Magnús Guðmundur Sigurður Ólafsson og Úlfar Guðjónsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hdl. Guðlaugs Einarssonar, kr. 800.00, en annan sakarkostnað greiði ákærðu allir in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. maí 1956.

Nr. 144/1955. **Ásgrímur Halldórsson** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Norðurleið h/f og gagnsök

(Egill Sigurgeirsson).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Árekstur bifreiða. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 26. september 1955 og skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. október s. á. Krefst hann þess, aðallega að honum verði dæmd sýkna, en til vara, að dæmd fjárhæð verði færð niður. Hann krefst þess enn, að hvorum aðilja verði dæmt að bera sinn kostnað af málinu í héraði, en honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 15. október 1955 og gagnáfrýjað málinu með stefnu 24. október s. á. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 58.875.14 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. nóvember 1951 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi krafðist þess í héraði, að krafa gagnáfrýj-

anda yrði færð niður, og verður að leggja þann skilning í málflutning hans þar, að hann hafi viljað setta sig við að bera einn þriðja sakar, svo sem síðar var ákveðið í héraðsdómi. Samkvæmt þessu og þar sem eigi eru efni til að dæma gagn-áfrýjanda hærri fébætur né annan málskostnað en í héraðsdómi greinir, þykir rétt að staðfesta dóminn.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Ásgrímur Halldórsson, greiði gagn-áfrýjanda, Norðurleið h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. febrúar 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., hefur Norðurleið h/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 16. janúar 1954, gegn Ásgrími Halldórssyni bónda, Hálsi, Öxnadal, til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðaárekstrar, að fjárhæð kr. 79.958.29, með 6% ársvöxtum frá 16. nóvember 1951 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt lækkunar á kröfum stefnanda, að vextir verði aðeins reiknaðir frá stefnudegi og málskostnaður verði látinn niður falla.

Almennum Tryggingum h/f, hér í bænum, hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en síðargreind bifreið stefnda, A 331, var váttryggð hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefndu, og þær hafa engar kröfur gert.

Málsatvik eru þau, að hinn 16. nóvember 1951 varð árekstur milli bifreiðanna R 4715, eignar stefnanda, og bifreiðarinnar A 331, eignar stefnda, með þeim afleiðingum, að báðar bifreiðarnar skemmdust og farþegar í R 4715 hlutu nokkur meiðsl.

Ökumaður R 4715 hefur skýrt svo frá atvikum, að þann 16. desember 1951 hafi hann ekið bifreiðinni sem leið liggur frá Siglufirði áleiðis til Akureyrar. Bifreiðin R 4715 flytur 26 farþega, og voru í henni allmargir farþegar í umrætt sinn. Ökumaðurinn skýrir svo frá, að í Siglufjarðarskarði hafi verið nokkur snjór,

og hafi hann því haft þá snjókeðjur á hjólum bifreiðarinnar. Er komið var inn í Skagafjörð, hafi verið alautt, og hann því tekið snjókeðjurnar af í Hofsósi. Eftir það hafi hann ekki sett snjókeðjur á hjól bifreiðarinnar, enda vegurinn verið að mestu auður og hvergi hálka, sem komið hafi að sök. Um kl. 21 var hann kominn yzt í Öxnadalshóla undan bænum Hrauni, en þar hafi verið dálítil ísing á veginum. Ökumaðurinn hefur skýrt svo frá, að á þessum kafla liggi vegurinn um hólana. Hann hafi ekið sem leið liggur upp úr djúpri lægð og upp á hól einn. Er þangað hafi verið komið, hafi hann séð bifreiðina A 331 nokkuð undan, en þar sem hann hafi verið kominn framhjá útskoti á háhólnum, hafi hann haldið áfram. Hafi bifreið þessi staðið á hægri vegarbrún frá honum séð og verið með fullum ljósum. Kveðst ökumaðurinn þá hafa ekið með um 30 km hraða, miðað við klukkustund, en strax skipt hreyfli bifreiðarinnar úr 4. í 3. ganghraðastig. Hreyfillinn hefur 4 ganghraðastig áfram. Þá hafi hann hemlað nokkuð, en ekki mikið af ótta við, að bifreiðin snérist til á veginum vegna hálkunnar, en hraði hennar hafi þá verið kominn niður í 15—18 km, miðað við klukkustund. Ljósinn á A 331 hafi verið svo sterk, að hann hafi verið töluvert blindaður frá þeim tíma, er hann sá A 331, og þar til áreksturinn varð. Þó hafi hann séð nokkuð til, en hvorki séð útlínur bifreiðarinnar né vegarins, en ekki treystst til að fullhemla vegna hálkunnar á veginum. Er bifreiðarnar mættust, hafi þær rekizt saman. Vinstri hjól R 4715 hafi farið út af veginum. Bifreiðin runnið áfram nokkurn spöl og síðan oltið um. Við þetta skemmdist bifreiðin verulega, og nokkrir farþegar hlutu meiðsl.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að hann hafi í umrætt sinn verið á ferð í bifreið sinni A 331, sem er vöruflutningabifreið. Hann hafi séð bjarma af ljósum R 4715, er hún hafi verið á öðrum hól fyrir sunnan slysstaðinn, en sjálfur hafi hann þá verið nokkurn spöl fyrir norðan hann. Kveðst stefndi hafa hugsað sér að komast upp á hæðina fyrir sunnan slysstaðinn, áður en hann mætti R 4715, og aka þar út af veginum. Er hann hafi átt skammt eftir að hæðinni, hafi hann séð, að R 4715 nálgaðist það hratt, að hann myndi ekki ná upp á hæðina, áður en bifreiðarnar mættust. Hafi hann því tekið það ráð að aka alveg út á vinstri vegarbrún og stöðva bifreið sína þar. Hann hafi skipt ljósum bifreiðar sinnar á lægri ljósgeislann og beðið þannig. Er bifreiðarnar mættust, hafi þær hins vegar rekizt á með þeim afleiðingum, sem áður greinir. Litlar skemmdir urðu á A 331.

Farþegi í R 4715, sem sat í næsta sæti fyrir aftan ökumanninn,

hefur skýrt svo frá, að á umræddum stað hafi verið þunnur klaki á veginum og hálka. Hann hafi ekki orðið var við A 331, fyrr en R 4715 var komin upp á umræddan hól. Hafi A 331 þá verið stöðvuð, og hafi honum virzt afturhjól hennar vera um eitt fet frá vegarbrúninni. Bifreiðinni R 4715 hafi verið ekið með litlum hraða, ábyggilega undir 30 km, miðað við klukkustund, og á hæðinni hafi ökumaður hennar skipt um ganghraðastig og hægt á bifreiðinni niður brekkuna. A 331 hafi verið með fullum ljósum, og hafi þau villt vitni þessu sýn, þannig að það sá ekki veginn, fyrr en bifreiðarnar voru komnar mjög nálægt hvor annarri. Það hafi búiðt við, að árekstur yrði, nokkru áður en bifreiðarnar mættust, vegna þess að vegurinn var svo mjór þarna.

Áðrir farþegar virðast ekki hafa gert sér glögga grein fyrir atvikum fyrir áreksturinn, en eru yfirleitt sammála um, að R 4715 hafi verið ekið hægt og gætilega.

Lögreglumenn komu á slysstaðinn skömmu eftir slysið. Vegurinn reyndist vera 4,15 m á breidd og klaki á honum öllum. Á hólnum sunnan við slysstaðinn í um 60—70 m fjarlægð eru útskot á veginum fyrir bifreiðar til að mætast. Hægt var að aka út af veginum á slysstaðnum þeim megin, sem A 331 stóð, og svo virtist sem ytri hjól þeirrar bifreiðar hefðu verið um eitt fet frá vegarbrúninni, er sú bifreið var stöðvuð. Athugun á ljósum A 331 leiddi í ljós, að hvor tveggja hærri og lægri ljósin voru rangstæð, þannig að hærri ljósin vísuðu of mikið til vinstri, en lægri ljósin of mikið til hægri.

Af ákærvaldsins hálfu var mál höfðað gegn ökumanni R 4715 vegna slyss þessa. Með dómi sakadóms Sauðárkrókskaupstaðar, upp kveðnum 11. marz 1953, var hann talinn með framferði sínu í umrætt sinn hafa brotið gegn ákvæðum 219. gr. hegningarlaganna, 1. mgr., og 5. mgr. 26. gr. og 2. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 og 2. gr. umferðarlaganna nr. 24 frá 1941 og refsað fyrir þau brot sín.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að stefndi eigi alla sök á árekstri þessum. Hann hafi ekið mjög ógætilega í umrætt sinn og stöðvað bifreið sína á þjóðvegi, þar sem útilokað hafi verið að komast fram hjá henni, enda þótt hann þá væri búinn að sjá til ferða R 4715. Þetta hafi hann gert, enda þótt auðvelt væri að aka út af veginum á þessum stað. Þá hafi útbúnaður bifreiðar hans verið í ólagi, þar sem ljós hennar hafi verið óleyfilega sett og til þess fallin að trufla þá, sem á móti komu.

Stefndi byggir kröfur sínar hins vegar á því, að ökumaður

R 4715 eigi meginsök á slysi þessu. Hann hafi ekið allhratt og án þess, að keðjur væru á bifreiðinni, enda þótt glerhált væri á veginum. Hann hafi séð bifreið stefnda, þar sem hún stóð á veginum í verulegri fjarlægð, en samt ekki gert neinar ráðstafanir til að forða árekstri, en honum hljóti þó að hafa verið ljóst, að vegurinn þarna var það mjór, að bifreiðarnar gætu ekki mætt þarna. Ef ökumaður R 4715 hafi blindast af ljósum A 331, hafi verið enn ríkari ástæða fyrir hann að stöðva bifreið sína eða draga mjög verulega úr hraða hennar.

Eins og áður getur, stöðvaði stefndi bifreið sína á veginum, er hann hafði séð til ferða R 4715, enda þótt vegurinn þarna væri það mjór, að bifreiðarnar gætu ekki mætt þarna. Þá virðist hann ekki hafa hirt um að aka út af veginum, sem þó virðist hafa verið vel hægt. Þetta verður að meta stefnda til ógætni, þegar þess er gætt, að hann gerði enga tilraun til að gefa ökumanni R 4715 til kynna, að ekki væri hægt að mætast þarna. Þá hafði stefndi ljós tendruð á bifreið sinni, en þar sem ljósin voru gölluð, má ætla, að þau hafi truflað ökumann R 4715 nokkuð. Þegar þetta allt er virt, verður að telja, að stefndi eigi nokkra sök á árekstrinum.

Ökumaður R 4715 hafði ekki keðjur á hjólum bifreiðar sinnar, en vegurinn var svellaður. Hafði þetta það í för með sér, að hann treystist ekki að beita hemlum bifreiðarinnar. Svo virðist sem um 60 m hafi verið á milli bifreiðanna, er ökumaður R 4715 sá A 331 standa kyrra á veginum. Hafði hann því nægilegt svigrúm til að stöðva sína bifreið, áður en árekstur varð, ef þess hefði verið kostur vegna hálkunnar og keðjuleysisins. Þá bar honum að sýna sérstaka gætni, þar sem ljós A 331 blinduðu hann. Þegar allt þetta er virt, verður að telja, að ökumaður R 4715 eigi meginsök á, hvernig fór.

Með vísan til þessa þykir rétt að skipta sök á árekstri þessum þannig, að telja stefnda eiga $\frac{1}{3}$ hluta sakar, en ökumann R 4715 $\frac{2}{3}$ hluta sakar.

Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 skiptist tjónið af árekstri þessum milli málsaðilja í því hlutfalli, og ber stefnda að bæta stefnanda $\frac{1}{3}$ hluta þess tjóns, sem hann hefur af þessu beðið.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Viðgerðarkostnaður	kr. 48.458.29
2. Bætur fyrir afnotamissi	— 31.500.00
	Kr. 79.958.29

Um 1. Af hálfu stefnda hefur aðeins verið hreyft athugasemdum við einum þætti viðgerðarkostnaðarins, en það er málning á bifreiðinni R 4715, kr. 4749.45. Kveður stefndi, að hér sé um að ræða málun á allri bifreiðinni, en slíkt verði ekki talið hafa verið nauðsynlegt vegna skemmda þeirra, sem urðu á bifreiðinni í umræddum árekstri. Telur stefndi, að ekki komi til að telja hér meira með en $\frac{2}{3}$ hluta þessa kostnaðar eða kr. 3166.30.

Stefnandi hefur viðurkennt, að öll bifreiðin hafi verið máluð, en slíkt hafi verið nauðsynlegt vegna skemmda þeirra, sem á henni hafi orðið.

Er bifreiðin valt við áreksturinn, urðu miklar skemmdir á farþegahúsi hennar. Þykir eftir atvikum hæfilegt að taka hér til greina $\frac{2}{3}$ hluta málningarkostnaðarins, eins og stefndi hefur gert, enda er hér haft í huga, að ný málning kom í stað gamallar.

Samkvæmt þessu verður þessi liður tekinn til greina með alls kr. 46.875.14.

Um 2. Stefnandi telur, að bifreiðin hafi verið ónothæf í 63 daga vegna skemmda þeirra, er hún varð fyrir í umrætt sinn, en telur tjón sitt af því að hafa verið án bifreiðarinnar hafa verið kr. 500.00 á dag.

Stefndi hefur bæði talið, að viðgerðartíminn sé of langur talinn hjá stefnanda og að tjón hans af afnotamissi bifreiðarinnar sé allt of hátt talið.

Eftir öllum atvikum þykir hæfilegt að telja tjón stefnanda af afnotamissi bifreiðarinnar alls kr. 12.000.00.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda af árekstri þessum alls kr. 58.875.14 (46.875.14 + 12.000.00), og eins og áður getur, ber stefnda að bæta $\frac{1}{3}$ hluta þess eða kr. 19.625.05.

Af hendi stefnda hefur komið fram í málinu reikningur, að fjárhæð kr. 1830.60, sem er viðgerðarkostnaður á skemmdum þeim, sem urðu á A 331 í árekstri þessum. Hefur stefndi krafizt þess, að reikningur þessi eða hluti hans komi til frádráttar þeim fjárhæðum, sem stefnanda kunni að verða dæmdar í máli þessu.

Stefnandi hefur ekki hreyft neinum athugasemdum við fjárhæð reiknings þessa, og verður hún því lögð til grundvallar. Eins og að framan er rakið, ber stefnandi fóbótaábyrgð að $\frac{2}{3}$ hlutum af tjóni þessu. Ber honum því að greiða $\frac{2}{3}$ hluta reiknings þessa eða kr. 1220.40, sem koma eiga til frádráttar kröfum hans.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda alls kr. 18.404.65 (19.625.05 ÷ 1220.40) með vöxtum, svo sem krafizt er.

Æftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2100.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Ásgrímur Halldórsson, greiði stefnanda, Norðurleið h/f, kr. 18.404.65 með 6% ársvöxtum frá 16. nóvember 1951 til greiðsludags og kr. 2100.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. maí 1956.

Nr. 59/1956. Guðmundur og Sigurður Eyjólfsynir og Arnþrúður Guðjónsdóttir f. h. dánarbús Eyjólfss Guðmundssonar (Egill Sigurgeirsson) gegn

Kristjáni Bjarnasyni (Sigurður E. Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hafa upp kveðið Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti, dómari samkvæmt umboðsskrá, og samdómendurnir Zóphónías Pálsson skipulagsstjóri og Rögnvaldur Guðjónsson búfræðingur.

Með kæru 5. apríl 1956, sem hingað barst 23. s. m., hafa sóknaraðiljar kært til Hæstaréttar úrskurð aukadómpings Skaftafellssýslu, upp kveðinn 3. apríl 1956, og gert þær dómkröfur, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, málinu vísað frá héraðsdómi og stefnda dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili hefur krafizt staðfestingar á úrskurðinum og að sóknaraðiljum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti in solidum.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber